

Gjáinn Þjórsárdal-Stígar og pallar

Júní 2020

Útboðs og verklýsing

Tilboðsblað

Efnisyfirlit

	ÚTBOÐSLÝSING	5
0.1	YFIRLIT	5
0.1.1	Útboð	5
0.1.2	Útboðsform	5
0.1.3	Lauslegt yfirlit yfir verkið	5
0.1.4	Kynningarfundur – Vettvangsskoðun.....	5
0.1.5	Verksamningur - Verkáætlun	5
0.1.6	Tímasetningar.....	6
0.2	UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA	6
0.2.1	Verkkaupi	6
0.2.2	Ráðgjafar	6
0.2.3	Eftirlit verkkaupa	6
0.3	ÚTBOÐSGÖGN - LÖG - REGLUGERÐIR - STAÐLAR	7
0.3.1	Útboðsgögn	7
0.3.2	Skýringar á útboðsgögnum.....	7
0.3.3	Uppdrættir og lýsingar	7
0.3.4	Lög, reglugerðir og leiðbeiningar	8
0.3.5	Undirverktakar	8
0.3.6	Frávik frá stöðlum	8
0.4	TILBOÐ	8
0.4.1	Gerð og frágangur tilboðs	8
0.4.2	Fylgigögn með tilboði.....	9
0.4.3	Auðkenni tilboðs	10
0.4.4	Tilboðstrygging - Gildistími tilboðs.....	10
0.4.5	Opnun tilboða	10
0.4.6	Meðferð og mat á tilboðum	10
0.4.7	Þóknun fyrir gerð tilboðs.....	11
0.5	GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR	11
0.5.1	Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir	11
0.5.2	Framlag verkkaupa	11
0.5.3	Breytingar á verkinu – aukaverk - viðbótarverk	11
0.5.4	Frestir - Tafabætur	12
0.5.5	Greiðslur og reikningsskil	12
0.5.6	Verðlagsgrundvöllur	13
0.5.7	Fyrirframgreiðsla	13
0.5.8	Magnbreytingar	13
0.6	ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL	13
0.6.1	Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld	13
0.6.2	Framkvæmdatrygging.....	13
0.6.3	Veðsetningar - Eignarréttarfyrirvarar	14
0.6.4	Misræmi í gögnum	14

0.6.5	Ágreiningsmál	14
0.7	VINNUSTAÐUR	14
0.7.1	Athafnasvæði og vinnuaðstaða	14
0.7.2	Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni	14
0.7.3	Rafmagn, akstur, vélar og fleira	14
0.7.4	Umhirða á vinnustað	15
0.7.5	Öryggi á vinnustað	15
0.8	FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS	15
0.8.1	Verkstjórn verktaka og verkfundir	15
0.8.2	Gæði verksins	15
0.8.3	Efnisval og vinnuaðferðir	16
0.8.4	Efni og annað sem verkkaupi leggur til	16
0.8.5	Málsetningar og mælingar	16
0.8.6	Sýnishorn og prófanir	16
0.8.7	Samskipti við yfirvöld	16
0.8.8	Úttekt	16
0.10	DRÖG AÐ VERKSAMNINGI	18
0.11	FORM FRAMKVÆMDATRYGGINGAR	20
	VERKLÝSING	21
1	AÐSTAÐA OG ÖRYGGI	21
1.1	AÐSTAÐA	21
1.1.0	Almennt	21
1.1.1	Aðstaða og rekstur vinnusvæðis	21
1.1.2	Öryggisráðstafanir	21
1.1.3	Girðingar, aðvörunarskilti, varsla og varnir	22
1.1.4	Mælingar	22
2	JARÐVINNA	22
1.1.0	Almennt	22
2.1	UPPGRÖFTUR	23
2.1.1	Gröftur fyrir stígum og tröppum í stíga	23
2.1.2	Gröftur fyrir jarðfestingum við útsýnispalla	24
2.1.3	Gröftur fyrir undirstöðum brúarstólpa	24
2.1.4	Gröftur og brottflutningur jarðvegs	24
2.2	FYLLINGAR OG BURÐARLÖG	24
2.2.1	Styrktarlag í stíga og fyllingar	24
2.2.2	Yfirlag í stíga	25
2.2.3	Ræsi undir stíga	26
2.2.4	Hólkar í jörð fylltir steypu	26
3	MANNVIRKI	26
3.1	BRÝR	26
3.1.0	Almennt	26

3.1.1	Brú I	27
3.1.2	Brú II	27
3.1.3	Brú III	27
3.1.4	Brú IV	28
3.2	ÚTSÝNISPALLAR	28
3.2.0	Almennt.....	28
3.2.1	Útsýnispallur I	28
3.2.2	Útsýnispallur II	29
3.2.3	Útsýnispallur III	29
3.3	GRJÓT	29
3.3.1	Flögugrjót við brúarenda/ útsýnispalla.....	30
3.3.2	Grjóthlaðnar tröppur.....	30
3.3.3	Grjótvörn við brúarstólpa	30
3.3.4	Grjót fyrir bekki.....	31
4	RÆKTUN	31
4.1	ALMENNT	31
4.1.1	Lyngtorf.....	31
4	TÍMAGJALD	32
	TILBOÐSBLAÐ	33

ÚTBOÐSLÝSING

0.1 Yfirlit

0.1.1 Útboð

Umhverfisstofnun kt. 701002-2880, sem hér með nefnist verkkaupi óskar eftir tilboðum í verkið:

Gjáinn Þjórsárdal – Göngustígar og pallar

Verkið skal framkvæma samkvæmt meðfylgjandi útboðsgögnum og öðrum þeim gögnum sem þar er vísað til.

0.1.2 Útboðsform

Hér er um opið útboð að ræða og er það því almennt útboð eins og lýst er í 2. gr. laga nr. 120/2016 og grein 1.2.2 í ÍST 30.

0.1.3 Lauslegt yfirlit yfir verkið

Verkið felur í sér að gera aðgengi ferðamanna að svæðinu betra, það er gert með því að laga núverandi stíga, og gera nýja stíga. Gera göngubrýr til þess að þvera læki, gera útsýnisstaði og áningastaði. Það þýðir jarðvinnu með tilheyrandi greftri og fyllingu, frágangi og aðlögun við óhreyft land, gerð undirstaða fyrir göngubrýr og útsýnispalla. Smíði brúa og útsýnispalla er úr járn. Síðan er ýmiss sérfrágangur við stíga þar sem aðlaga þarf að viðkvæmri náttúru, gera sérfrágang á steinlögnum við brúarenda, gera steintröppur þar sem hæðamunur er. Verkið er á viðkvæmu svæði þar sem vinna þarf verkið í sátt við umhverfið og gæta vel að raska ekki náttúrulega umhverfi að óþarfa.

Vakin er athygli á því að gestir svæðisins er á ferðinni á framkvæmdatíma og þurfa að komast um svæðið. Verktaki skal áfangaskipta verkinu í samráði við eftirlitsmann þannig að tekið sé tillit til aðgengis ferðamanna og skal samráð haft við eftirlit við útfærslu, með því markmiði að svæðið sé aðgengilegt gestum eins og hægt er og fyllsta öryggis gætt.

0.1.4 Kynningarfundur – Vettvangsskoðun

Engin vettvangsskoðun verður haldinn en þjóðendur eru hvattir til að skoða aðstæður á verkstað.

0.1.5 Verksamningur - Verkáætlun

Verktími hefst þegar verkkaupi hefur tekið tilboði verktaka og telst þá kominn á samningur um verkið sbr. grein 3.1 í ÍST 30:2012.

Gera skal skriflegan samning um verkið og er verksamningsformið að finna í grein 0.10 með útboðslýsingu þessari. Verkið skal unnið samkvæmt útboðsteikningu og verklýsingu sbr. grein 0.3.3. Verkið er háð framkvæmdaleyfi frá sveitarfélaginu og þarf það að liggja fyrir áður en framkvæmd hefst.

Áður en verksamningur er undirritaður skal verktaki gera verkáætlun (tíma- og greiðsluáætlun) um verkið í heild, sbr. grein 3.3 í ÍST 30:2012. Verkáætlun þessi verður hluti verksamnings. Verktaki skal fylgja verkáætluninni. Ef verkáætlun er ekki fylgt í veigamiklum verkþáttum, sem geta haft áhrif á lúkningu verksins, skal verktaki tilkynna verkkaupa um seinkunina og af hverju hún stafar. Til að komast hjá röskun á verkáætluninni skal verkkaupi tímanlega leggja fram

Þá hluti eða þjónustu sem samningur við verktaka segir til um. Verði dráttur á slíkri afhendingu, sem veldur seinkun á verkinu gefur hann rétt á tímaframlengingu.

Ef verkáætlun fer verulega úr skorðum, skal verktaki leggja fram nýja áætlun til samþykktar hjá verkkaupa. Samþykki á nýrri verkáætlun, sem fer fram yfir umsaminn skiladag, þýðir ekki að verkkaupi falli frá rétti sínum til tafabóta.

0.1.6 Tímasetningar

Athending útboðsgagna:	xxxx.2020
Frestur til að gera athugasemdir eða bera fram fyrirspurnir vegna útboðsins rennur út:	xxxx.2020.
Frestur til að svara fyrirspurnum rennur út:	xxxx.2020.
Frestur þjóðenda til að skila tilboðum rennur út:	xxxxx.2020 kl. 10:00
Tilboð verða opnuð :	xxxxx.2020 kl. 10:00
Verkinu skal að fullu lokið	xxxx.2020
Frestur kaupanda að taka tilboði 4 vikur eftir opnun.	xxxxx.2020

Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðs- og samningsgögnum. Þá skal aðstaða verktaka hafa verið fjarlægð og vinnusvæðið hreinsað að fullu.

0.2 Upplýsingar um verkkaupa

0.2.1 Verkkaupi

Umhverfisstofnun kt. 701002-2880
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
Sími 591-2000
Netfang: ust@ust.is
Umsjón: Hákon Ásgeirsson Sími 822-4019

0.2.2 Ráðgjafar

EFLA hf. Verkfræðistofa
Lyngháls 4,
110 Reykjavík
Sími 412 6000
Netfang: petur.jonsson@efla.is
Umsjón: Pétur Jónsson/ Gisli Gislason

0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Verkkaupi ræður eftirlitsmann með verkinu, sem annast mun daglegt eftirlit á vinnustaðnum. Honum til aðstoðar verða fulltrúar þeirra aðila sem unnið er fyrir. Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið í samráði við eftirlitsmenn. Eftirlitsmenn skulu eiga greiðan og óhindraðan aðgang að öllu, sem máli skiptir um efnisval og vinnu við verk þetta, hvort sem er á vinnustað eða annars staðar þar sem unnið er að verkinu

Ef verktaki er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar, efnisval eða annað, sem við kemur verkefninu skal hann tafarlaust leita úrskurðar eftirlitsmanns.

Ef um ósamræmi milli uppdrátta og lýsinga er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna eftirlitsmanni það til úrskurðar.

Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að gera prófanir á sinn kostnað sem hluta af framkvæmdaeftirliti.

Ef kröfur eru ekki uppfylltar skal verktaki bera kostnað af endurteknum prófum og nauðsynlegum úrbótum.

0.3 Útboðsgögn - Lög - Reglugerðir - Staðlar

0.3.1 Útboðsgögn

Til útboðsgagna vegna verks þessa teljast:

- a. Útboðslýsing þessi dagsett í maí 2020
- b. Verklýsing áfest útboðslýsingu, dagsett í maí 2020.
- c. Útboðsteikningar (sjá kafla 0.9 Teikningaskrá).
- d. Tilboðsblað og tilboðsskrá.
- e. Íslenskur staðall ÍST-30:2012, 6. gildandi-útgáfa, með þeim frávikum sem tilgreind eru í kafla 0.3.6. Stangist ákvæði ÍST-30:2012 á við ákvæði útboðs- og/eða verklýsingar skulu ákvæði ÍST-30:2012 víkja.
- f. Lög um framkvæmd útboða, nr. 65/1993.
- g. Aðrir staðlar og gögn sem vísað er til í ofantöldum gögnum.

0.3.2 Skýringar á útboðsgögnum

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í útboðsgögnum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda EFLU Verkfræðistofu, skriflega fyrirspurn, á netfangið petur.jonsson@efla.is

Samhljóða svarbréf verða send öllum sem fengið hafa útboðsgögn.

Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnunum. Frestir vegna athugasemda og skýringa er tilgreindur í lið 0.1.7.

0.3.3 Uppdrættir og lýsingar

Ákvæði um meðferð og afhendingu gagna eru í kafla 3.4 í ÍST 30:2012.

Sjá frávik frá stöðlum í kafla 0.3.6 varðandi útprentaðar teikningar. Verktaki fær útboðsteikningar og verklýsingu á stafrænu formi. Í upphafi verks verða gefnar út verkeikningar, hugsanlega með minniháttar breytingum/lagfæringum og fær verktaki útprentað eintak af verklýsingu og verkeikningar í minnkuðu formi, A3 ef óskað er eftir því.

Verktaki skal á sinn kostnað prenta út þau gögn sem hann telur þurfa við framkvæmd verksins. Aðalverktaki ber ábyrgð á fjölföldun allra þeirra gagna sem fulltrúar verkkaupa afhenda honum og það er einnig á hans ábyrgð að undirverktakar hans kynni sér öll samningsgögn.

Sé verklýsingu eða teikningu breytt á framkvæmdatíma vegna breytinga sem verkkaupi hefur beðið um, eða ný gögn gefin út, verða þau afhent verktaka á stafrænu formi, en verkkaupi ber kostnað af prentun þeirra gagna sbr. grein 3.4.2. í ÍST-30:2012. Í tilboði bjóðanda skal vera innifalið, innan eðlilegra marka, endurgjald fyrir móttöku, meðhöndlun og rýni nýrra og breyttra uppdrátta og lýsinga.

0.3.4 Lög, reglugerðir og leiðbeiningar

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða sem eiga við þessa framkvæmd. Gildandi lög og reglugerðir og leiðbeiningar sem gilda um framkvæmdina eru til dæmis, en ekki tæmandi talið, eftir því sem við á:

- * Skipulagslög og skipulagsreglugerðir.
- * Byggingarlög og byggingarreglugerðir.
- * Heilbrigðisreglugerð.
- * Lögreglusamþykktir.
- * Reglur Vinnueftirlits ríkisins.
- * Reglur um vinnusvæðamerkingar – 15 útgáfa janúar 2019

(sjá <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar>)

Bjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

0.3.5 Undirverktakar

Ákvæði um undirverktaka eru í kafla 3.2 í ÍST 30:2012.

0.3.6 Frávik frá stöðlum

Grein 4.5.6 í ÍST-30:2012 gildir ekki eins og hún er orðuð. Í stað hennar kemur grein sem er svohljóðandi: "Ef í ljós koma á verkinu leyndir gallar sem ekki var unnt að sjá fyrir við lok ábyrgðartímans skal verktaki svara skaðabótum eftir almennum reglum. Fyrning á þeim skaðabótakröfum fer eftir almennum reglum".

Grein 5.1.14 í ÍST-30:2012 gildir ekki í þessu útboði.

ÍST-30:2012 (ásamt öðrum stöðlum eða gögnum sem vísað er til í verklýsingum eða á teikningum) og útboðsgögn mynda eina heild og skal litið á þau í samhengi þegar útboðsgögnin eru túlkuð. Stangist ákvæði ÍST-30:2012 á við ákvæði útboðs- og samnings-skilmála skulu ákvæði ÍST-30:2012 víkja.

0.4 Tilboð

0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs

Aðaltilboð

Tilboð skal gera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Bjóðendur skulu fylla út alla liði tilboðsskrár, sem er hluti af útboðsgögnum þessum. Litið er á óútfyllta liði tilboðsskrár sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum. Að lokum skal færa niðurstöðutölur á tilboðsblað. Bjóðendur skulu í tilboði sínu reikna með þeim magntölum, sem gefnar eru í tilboðsskrá. Einingarverð skulu vera í heilum krónum.

Í verklýsingu er í hverjum kafla gerð grein fyrir þeim reglum, sem magntölur eru reiknaðar eftir. Allar magntölur eru reiknaðar eftir málum á teikningum þar sem það á við nema þar sem sérstaklega er tekið fram að reiknað sé eftir öðrum forsendum. Telji bjóðandi t.d. efnisþörf vegna verkliðar vera meiri en fram kemur við að beita áðurnefndum reglum (t.d. vegna

rýrnunar við niðurskurð) skal hann innreikna kostnað við það inn í einingarverð viðkomandi verkliða.

Í hverjum einstökum lið skal einnig vera innifalinn allur kostnaður verktaka af viðkomandi verklið, svo sem allt efni, vinna, vélar og tæki, ljós og orka, flutningur manna og tækja, yfirstjórn verktaka, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði, förgun sorps og efnisleyfa o.s.frv., nema annað sé tekið fram. Tilboðsupphæð er fundin sem summa margfelda magntalna og viðeigandi einingarverða.

Inn í heildartilboð skal reikna virðisaukaskatt samkvæmt reglum sem um hann gilda á hverjum tíma. Öll einingarverð í tilboðsskrá skulu vera með virðisaukaskatti.

Útfyllt tilboðsskrá er trúnaðarmál milli verkkaupa og bjóðanda.

Frávikstilboð

Ekki er heimilt með frávikstilboði að gera tilboð í aðra tilhögun verksins en þá sem lýst er í útboðsgögnunum.

0.4.2 Fylgigögn með tilboði

Verktaki þarf einungis að skila inn útfylltri tilboðsskrá og tilboðsblaði.

0.4.3 Auðkenni tilboðs

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi, þannig merktu.

Umhverfisstofnun

Gjáinn Þjórsárdal – Göngustígar og pallar.

TILBOÐ

Bjóðandi: Jökull Jónsson ehf.

Jöklatangi 10

101 Hálandi

0.4.4 Tilboðstrygging - Gildistími tilboðs

Ákvæði um frest til að taka tilboði eru í kafla 2.6 í ÍST 30:2012.

Bjóðandi er bundinn af tilboði sínu 4 vikur frá því að tilboð voru opnuð. Verkkaupi fer ekki fram á tilboðstryggingu.

0.4.5 Opnun tilboða

Tilboð skulu hafa borist til EFLU Verkfræðistofu, Lynghás 4, 110 Reykjavík.

fyrir kl xxxxxxxxxxxx10:00 og verða þau opnuð þar í samræmi við kafla 2.5 í ÍST 30:2012.

Geti bjóðandi ekki komið útfylltum útbodsgögnum á opunarstað til opunar, er þá heimilt að senda tilboð með símbrefi, eða tölvupósti, á opunarstað og skal það hafa borist áður en skilafrestur er runninn út en bjóðandi skal þá jafnframt hafa póstlagt með ábyrgðar-póstsendingu, a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram, gögn sem fylgja eiga tilboðinu og skal staðfesting þess efnis fylgja með símbrefinu sbr. 7. grein laga nr. 65/1993, "Lög um framkvæmd útboda".

0.4.6 Meðferð og mat á tilboðum

Ákvæði um val á tilboði eru í kafla 2.7 í ÍST 30

Við val á tilboðum mun verkkaupi miða við lægsta verð. Verkkaupi mun taka lægsta gilda tilboði eða hafna öllum.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs, en einingarverð eru bindandi fyrir bjóðendur. Einingarverð eru einnig bindandi, innan eðlilegra marka, gagnvart þeim magnaukningum, viðbótarverkum og aukaverkum sem verktaki kann að verða beðinn um að framkvæma.

Við yfirferð tilboða er einingarverð bjóðenda sett inn í tilboðsskrá útbodsgagna. Hafi bjóðandi breytt magni, fellt niður línur eða bætt línur við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt. Verkkaupi áskilur sér engu að síður rétt til að líta á slík tilboð sem gild, enda gildi þá ákvæði greinar "0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs" um að útfylltir liðir teljist innifaldir í öðrum liðum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans. Jafnframt áskilur verkkaupi sér rétt til þess að hafna tilboðum séu gögnin ekki útfyllt á fullnægjandi hátt.

0.4.7 Þóknun fyrir gerð tilboðs

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

0.5 Greiðslur – Verðlagsgrundvöllur

Þar sem verktími er stuttur þá er verðið fast verð og verða verðbætur ekki greiddar.

0.5.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir

Verkkaupi leggur til verksins greiðslu eftirtalinna gjalda og kostnaðar, eins og við á hverju sinni:

- * Kostnað við hönnun og eftirlit.
- * Stjórnunarkostnað verkkaupa.
- * Fjölföldun gagna, sem verkkaupi kann að bæta við eftir að framkvæmd hefst.
- * **Námugjöld vegna styrktarlags**

0.5.2 Framlag verkkaupa

Verktaki skal leggja til allt efni nema annað sé tilgreint í lið 0.8.4 Efni sem verkkaupi leggur til.

0.5.3 Breytingar á verkinu – aukaverk - viðbótarverk

Orðskýringar:

Með orðinu aukaverk í útboðsgögnum þessum er átt við þau verk sem framkvæma þarf til þess að hægt sé að ljúka við verksamning en ekki er gert ráð fyrir í útboðsgögnum að greitt sé fyrir.

Með orðinu viðbótarverk í útboðsgögnum þessum er átt við þau verk sem verkkaupi óskar eftir að framkvæmd verði en ekki lá fyrir ákvörðun á útboðsstigi um að framkvæma.

Komi til aukaverka eða viðbótarverka vegna breytinga á verkinu skal fylgja ákvæðum ÍST 30:2012, kafla 3.6. Verði samkomulag um að verktaki vinni aukaverk eða viðbótarverk í tímavinnu, skal nota taxa, sem verktaki býður í tilboði sínu. Taxtar skulu vera jafnaðartaxtar og ekki verður greitt aukalega þótt unnið sé utan dagvinnutíma. Tímagjaldið skal miðast við hvern unninn tíma. Taxtarnir skulu innifela allan kostnað, svo sem allar samnings- og lögbundnar greiðslur ofan á laun, virðisaukaskatt, ferðir, fæði, álagningu, verkstjórn, kostnað vegna almennra handverkfæra o.s.frv. Þessir liðir verða teknir með í samanburði tilboða og verða hluti samningsins, en þó án þess að þeir komi til greiðslu nema um það verði samið vegna aukavinnu sem verkkaupi óskar eftir að verði unnin.

Álag verktaka fyrir umsjón með aðkeyptu efni og þjónustu sem verktaki hefur milligöngu um að láta vinna eða kaupa fyrir verkkaupa, skal vera 10%. Er það álag fyrir efniskaup, móttöku,

meðhöndlun, geymslu, stjórnun, ágóða o.s.frv. Álag greiðist ekki á það tímagjald sem verktaki býður í tilboði sínu.

Verktaki má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

0.5.4 Frestir - Tafabætur

Verktaki skal ljúka öllu verki sínu á tilskildum tíma samkvæmt grein 0.1.7 Tímasetningar. Ef verklok dragast hjá verktaka skuldbindur hann sig til að lækka samningsverð um **kr. 25.000 krónur án virðisaukaskatts fyrir hvern almanaksdag** sem það dregst að verkinu sé að fullu lokið og lokaúttekt geti farið fram. Telji verktaki sig eiga rétt á framlengingu skilafrests þá skal hann strax skýra frá því og um leið leggja fram nauðsynleg gögn er sanni réttmæti framlengingarinnar, sbr. kafla 5.2 í ÍST 30:2012.

Verkkaupa er heimilt að halda eftir af hverjum reikningi fyrir áföllnum tafabótum. Þótt verkkaupi haldi ekki eftir af reikningum fyrir áföllnum tafabótum, þá er hann í fullum rétti að innheimta þær við gerð lokareiknings.

Telji verktaki sig eiga rétt á framlengingu verktíma og hafi tilkynnt verkkaupa það, skv. gr. 0.1.7, skal verkkaupi eins fljótt og kostur er svara orðsendingu verktaka. Í svari verkkaupa skal koma fram hvort hann hyggst beita ákvæðum um töku dagsekta (tafabóta), sem þá yrðu dregnar af næsta reikningi. Svar verkkaupa skal vera ábyrgðarbréf eða bókun á verkfundi.

0.5.5 Greiðslur og reikningsskil

Um greiðslur og reikningsskil vísast almennt til kafla 5.1 í ÍST 30:2012, Greiðslur og reikningsskil.

Greitt verður til verktaka samkvæmt leiðréttri tilboðsskrá.

Verkkaupi mun ekki taka geymslufé af reikningum verktaka skv. gr. 5.3.5 í ÍST 30:2012, enda er framkvæmdatrygging 10 % af samningsupphæð skv. kafla 0.6.2 og gr. 3.5.2 í ÍST 30:2012. Reikningar skulu lagðir fram samkvæmt samkomulagi á fyrsta verkfundi. Greiðsluliðir skulu reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni.

Með hverjum reikningi skal verktaki skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá og heildargreiðslustöðu samnings. Þessu yfirliti skal skila á þar til gerðum eyðublöðum, sem afhent verður eftirlitsmanni verkkaupa. Áður en reikningur er gerður skal haft samband við eftirlitsmann verksins um mat greiðsluhlutfalls til að fyrirbyggja að leiðréttingar tefji reikninga.

Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri magntalna. Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en hann hefur afhent tilskilda verktryggingu.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka, viðbótarverka og þeim fylgi greinargerð um verkið á eyðublöðum sem verkkaupi afhendir og útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á.

0.5.6 Verðlagsgrundvöllur

Engar verðbætur eru reiknaðar í þessu verki.

0.5.7 Fyrirframgreiðsla

Verkkaupi innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu verki.

0.5.8 Magnbreytingar

Verktaki skal tilkynna eftirlitsaðila verkkaupa um magnbreytingar sem verða í einstökum verkþáttum jafnskjótt og hann verður aukningarinnar var. Nemi magnaukning meira en 25% af umsömdu magni skal verktaki ekki vinna frekar við viðkomandi verkþátt uns eftirlitsaðili hefur heimilað að vinnan verði innt af hendi með óbreyttu móti. Magnaukning í verkþætti getur því aðeins leitt til framlengingar á skilatíma verks samkvæmt verkáætlun að sýnt sé að verkþátturinn sé á bundinni leið (Critical Path) verksins, eins og fram kemur í kafla "0.1.5 Verksamningur – Verkáætlun".

Einingarverð skal gilda óbreytt þar til séð verður að samanlögð magnbreyting við ákveðna verktegund verði meiri en 25% og að verð fyrir viðkomandi verktegund vegi meira en 3% í samningsfjárhæð. Í slíku tilfalli á hvor aðili um sig rétt á endurskoðun á einingarverði fyrir verktegundina með tilliti til áhrifa sem magnbreytingin kann að hafa á það. Einvörðungu þeir kostnaðarþættir sem eru háðir magni koma til endurskoðunar. Í þessu samhengi merkir orðið verktegund ákveðna verklíði sem eru unnir með sams konar tækjum og sambærilegum mannafla, án tillits til þess hvort þeir eru hluti af einum verkþætti eða fleiri.

0.6 Ábyrgðir – Tryggingar – Ágreiningsmál

0.6.1 Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld

Ábyrgð og áhætta er skilgreind í kafla 3.9 í ÍST 30:2012.

Meðan á framkvæmd verksins stendur og þar til lokaúttekt hefur farið fram á verkkaupi að hafa mannvirknið og efni á vinnustað nægjanlega vátryggt vegna þeirra tjóna sem geta orðið. Meðan á framkvæmd verksins stendur og þar til lokaúttekt hefur farið fram á verktaki að hafa og kosta allar nauðsynlegar vátryggingar sem leiða af framkvæmd þessari.

Verktaki skal slysatryggja starfsmenn sína, og greiða þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld, sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu. Verktaki skal afhenda verkkaupa, ef hann óskar, afrit af tryggingarskírteinum fyrir þeim ábyrgðartryggingum, sem hann tekur vegna verksins á hverjum tíma.

0.6.2 Framkvæmdatrygging

Til tryggingar því að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa afhendir hann verkkaupa fyrir undirritun verksamnings framkvæmdatryggingu, skv. kafla 3.5. í ÍST 30:2012. Form framkvæmdatryggingar er í **grein 0.11** með útboðslýsingu þessari.

Framkvæmdatrygging skal miðast við **10 % af samningsupphæð** og stendur óbreytt þangað til lokaúttekt hefur farið fram, en lækkar þá í 4 % af samningsupphæð að viðbættum viðaukum við samning og stendur þannig næstu tólf mánuði.

Óheimilt er að lækka eða fella niður framkvæmdatryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi frá verkkaupa, og skal slík heimild gefin út innan 10 daga frá því að lokaúttekt fór fram á verkinu. Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna verksins.

0.6.3 Veðsetningar - Eignarréttarfyrirvarar

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum. Einnig er verktaka óheimilt, án sérstaks leyfis verkkaupa, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkinu og verkkaupi hefur greitt fyrir.

Ekkert efni sem verkkaupi hefur greitt fyrir má vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda efnisins, án sérstaks leyfis verkkaupa.

Ef verktaki fær greitt fyrir efni sem komið er á vinnustað og lætur þess ekki getið að það sé með eignarréttarfyrirvara er litið á slíkt sem alvarleg svik af hálfu verktaka sem heimilar verkkaupa að rifta verksamningi tafarlaust án frekari viðvörunar.

0.6.4 Misræmi í gögnum

Ef um ósamræmi milli uppdráttu og lýsinga er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum er verktaki eftir sem áður bundinn af tilboði sínu, sbr. Kafli 3.4 í ÍST 30:2012.

0.6.5 Ágreiningsmál

Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið samkvæmt fyrirmælum verkkaupa, sbr. kafli 6.3 í ÍST 30:2012. Rísi ágreiningur um mál þetta skal því skotið til Héraðsdóms Reykjavíkur.

0.7 Vinnustaður

0.7.1 Athafnasvæði og vinnuaðstaða

Verktaki fær til umráða vinnusvæði eins og sýnt er á teikningum, þ.e. afmarkað svæði á bílastæði. Verktaki og eftirlitsmaður skulu í sameiningu velja svæði til að geyma efni og tæki. Verktaki skal sjá til þess að ekki stafi hætta af vinnusvæðinu, samanber grein 0.7.5 um öryggisráðstafanir. Varðandi umgengni og umhirðu á vinnustað vísast til greinar 0.7.4.

0.7.2 Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni

Verkkaupi sér sjálfur um sína aðstöðusköpun, t.d. með því að koma með gám á svæðið. Salerni er til staðar á neðra bílastæði. Verktaki getur fengið afnot af bílastæði fyrir sig og starfsmenn sína í samráði við verkkaupa.

0.7.3 Rafmagn, akstur, vélar og fleira

Verktaki skal leggja til og kosta öll áhöld og vélar sem þarf til að framkvæma verkið, ennfremur allan flutning á mönnum og efni.

Verktaki skal ennfremur sjá sér fyrir rafmagni og orku sem til verksins þarf.

0.7.4 Umhirða á vinnustað

Verktaki skal ganga vel um svæðið. Ekki má hrófla við lífríki eða jarðmyndum að óþörfu og ekki geyma verkfæri, efni eða annan búnað utan við afmarkað vinnusvæði á verkstað. Mjög mikilvægt er að verktaki sýni ýtrustu varúð og tillitsemi svo náttúru svæðisins verði ekki spillt. Verktaki skal ávallt sjá um að allir efnisafgangar séu fjarlægðir jafnóðum. Verktaki skal sjá svo um að umhirða á vinnustað sé ávallt góð og skal hann fara eftir fyrirmælum eftirlitsaðila þar að lútandi. Um almenna umgengni og samvinnu á vinnustað vísast að öðru leyti til kafla 4.2 í ÍST-30:2012.

0.7.5 Öryggi á vinnustað

Orðin vinnustaður, framkvæmdastaður, byggingarstaður, athafnasvæði og verkstaður hafa sömu merkingar í þessum útboðsgögnum.

Sérstaklega er bent á lið 1.1.2 Öryggisráðstafanir í verklýsingu.

Verktaki skal gæta ýtrustu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við eftirlitsmann um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en framkvæmdir hefjast ber verktaka að leggja fyrir eftirlitsmann tillögu um varúðarráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera m.a. vegna umferðar, þ.m.t. gangandi umferðar, við vinnustað. Sér verktaki síðan um að varúðarráðstöfunum þeim sem eru taldar nauðsynlegar, sé framfylgt í tæka tíð og til hins ýtrasta.

Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta, bæði hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað. Hann skal einnig hafa brunavarnir og reglur um meðferð eldfimra efna, sem viðhlítandi teljast að dómi eftirlitsmanna og skv. skilmálum váttryggingar. Reglum og leiðbeiningum um meðferð lagna frá veitustofnunum skal fylgt í hvívetna.

Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð (nr. 547/1996) sem tók gildi 1. janúar 1997. Með tilvísun í II kafla þessara reglna er sú skylda lögð á aðalverktaka að gegna þeim skyldum sem um ræðir í 1.-3. t.l. 3. gr. í reglum þessum þ.á.m. skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar eins og við á hverju sinni. Á fyrsta verkfundi og áður en framkvæmdir hefjast skal undirritað skriflegt samkomulag um fyrirkomulag þessara mála í samræmi við gildandi reglur Vinnueftirlits ríkisins hverju sinni.

0.8 Frágangur og gæði verks

0.8.1 Verkstjórn verktaka og verkfundir

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í kafla 4.1 í ÍST 30:2012.

Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta á reglulegum verkfundum með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Verkfundargerðir skulu gerðar skriflega og samþykktar af báðum aðilum. Fundargerðir skal senda fundarmönnum innan tveggja daga frá síðasta fundi.

0.8.2 Gæði verksins

Almennum kröfum um gæði verksins er lýst í kafla 4.3 í ÍST 30:2012.

Öll vinna og allur frágangur verksins skal vera vönduð og fagmannlega unnin, í samræmi við fyrirsögn um vinnubrögð, góðar fagvenjur, faghefðir og metnað.

Forsvarsmenn verksins skulu hafa þá reynslu sem með þarf við framkvæmd þess, og full réttindi þar sem þeirra er þörf.

Verktaki skal framvísa fullgildum uppruna- og gæðavottorðum með öllu efni sem hann hyggst nota og staðfesti gæði með rannsóknarniðurstöðum eftir því sem krafist er í verklýsingu.

Verktaki skal bæta að fullu alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni. Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu.

Eftirlitsaðili getur sett tímatakmörk um hvenær það sem áfátt er talið, skuli vera lagfært.

0.8.3 Efnisval og vinnuaðferðir

Verktaki skal ljúka verkinu að fullu í samræmi við útboðs- og samningsgögn. Á framkvæmdatíma er verktaka heimilt, að höfðu samráði við eftirlitsaðila, að bjóða annað efni og aðra vinnutilhögun en útboðsgögn kveða á um og skal hann þá leggja fram upplýsingar um efni, vinnu og verð sbr. grein 4.3.4 í ÍST 30:2012. Verkkaupi gerir samanburð á frávikum með tilliti til verðs og gæðamismunar og hefur ákvörðunarrétt um hvaða efni og aðferðir verða endanlega valin. Allan kostnað sem til fellur vegna samanburðar á öðru efni eða vinnuaðferðum skal verktaki greiða óháð samþykki eða synjun verkkaupa.

0.8.4 Efni og annað sem verkkaupi leggur til

Salernisaðstaða er til staðar á neðra bílastæði, það er almenningssalerni. Verkkaupi leggur ekkert til verksins.

0.8.5 Málsetningar og mælingar

Eftir því sem hægt er, hafa mál verið sett inn á teikningar. Ef verktaki verður var við málskekkjur skal hann tilkynna það verkkaupa án tafar til úrskurðar.

Verktaki fær afhenta tölvuskra acad teikningaskrá. Verktaki skal sjá um allar mælingar til staðsetningar á mannvirkjum. Athugið að vegna grundunnar göngubrúa yfir ár þá skal verktaki staðfesta mál á brúm á hverjum stað fyrir sig áður en smíði brúa hefst. Útsetningar skal gera í samráði við eftirlitsmann

0.8.6 Sýnishorn og prófanir

Verktaka er skylt að leggja fram sýnishorn af efni eftir þörfum, og það tímanlega að eigi valdi töfum á framkvæmdum. Einnig skal hann útbúa sýnishorn af vinnu og framkvæma prófanir á efni eins og verklýsing kveður á um.

0.8.7 Samskipti við yfirvöld

Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit af öllum samskiptum hans við byggingaryfirvöld og önnur yfirvöld sem tengjast framkvæmdinni. Ekki má sækja um undanþágu frá gildandi lögum eða reglugerðum án undangengins samþykkis verkkaupa.

0.8.8 Úttekt

Almennum kröfum um framkvæmd úttektar er lýst í kafla 4.4 í ÍST 30.

Um dulda gallar eða annað, sem kann að yfirsjást við úttekt, en verktaki er ábyrgur fyrir, gilda ákvæði kafla 4.5 í ÍST 30:2012.

Í lok ábyrgðartímans, sem er 1 ár, mun verkkaupi ásamt fulltrúum verktaka yfirfara allt verkið, en almennum ákvæðum um ábyrgð á verki er lýst í grein 4.4.11 og kafla 4.5 í ÍST 30:2012.

0.10 Drög að verksamningi

VERKSAMNINGUR

Gerður milli _____ kt. _____, í samningi þessum nefndur verkkaupi, annars vegar og _____ kt. _____, í samningi þessum nefndur verktaki, hins vegar.

1. grein

Verktaki skal framkvæma verkið:

Gjáinn Þjórsárdal-Göngustígar og pallar.

Verkið skal unnið í samræmi við eftirtalin gögn:

- Þennan samning.
- Útboðslýsingu (fylgiskjal A með þessum samningi).
- Útboðsgögn, eins og þau eru tilgreind í grein 0.3.1 í útboðslýsingu.
- Tilboð verktaka dags. _____ 2019 ásamt leiðréttri tilboðsskrá (fylgiskjal B).
- Bréf um staðfestingu á töku tilboðs dags. _____ 2019 (fylgiskjal C).
- Framkvæmdatrygging frá _____ dags. _____ 2019 að upphæð kr. _____, - samkvæmt grein 0.6.2 í útboðslýsingu (fylgiskjal D).
- Verkáætlun (fylgiskjal E).

Framantalin gögn eru hluti þessa samnings.

2. grein

Samningsupphæð skv. tilboði verktaka (fylgiskjal B) með leiðréttingum samkvæmt ákvæðum útboðslýsingar er:

kr. _____ með vsk.

skrifað, - _____ 00/100-

3. grein

Verktaki hefur hafið framkvæmdir við verkið og skal því að fullu lokið eigi síðar en _____ 2019.

4. grein

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

5. grein

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

F.H. VERKKAUPA

F.H. VERKTAKA

Dags. _____

Dags. _____

VOTTAR:

(Nafn og kennitala)

(Nafn og kennitala)

0.11 Form framkvæmdatryggingar

Yfirlýsing um framkvæmdatryggingu

(númer tryggingar)

„Nafn tryggingafélags eða banka“, lýsir því hér með yfir, að **„félagið eða bankinn“** ábyrgist **nafn og kennitala verkkaupa**, sem verkkaupa ásamt þeim verkkaupum sem getið er í kafla 021 , greiðslu á allt að kr. **„upphæð tryggingar í tölustöfum“**, **„í bókstöfum“** 00/100 sem tryggingu fyrir því, að **„nafn verktaka“ kt:**, inni af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki við framkvæmd verksins **„heiti verks, heimilisfang ofl.“** í samræmi við útboðslýsingu, verksamning og þau gögn sem þar eru talin upp sem samningsgögn auk viðauka við samning.

Framkvæmdatrygging þessi miðast við 10% af samningsupphæð, í samræmi við ákvæði í verksamningi, og stendur óbreytt til verkloka en lækkar þá í 4% af samningsupphæð að viðbættum viðaukum við samning og verðbótum ef verksamningur er verðbættur, og stendur þannig næstu tólf mánuði.

Verkkaupi getur krafist **„nafn tryggingafélags eða banka“** um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, án undangengis dómsúrskurðar, telji verkkaupi það nauðsynlegt til að ljúka verki eða verkhluta eða bæta galla sem fram hafa komið á verki verktaka. Einnig til greiðslu á hverskonar kostnaði sem verkkaupi verður fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamningsins og skal greiðslan fara fram strax og hennar er krafist.

Staður, dagsetning, ár

Nafn tryggingafélags eða banka

Undirskrift og stimpill

r og hvaðeina sem þarf til verksins.

VERKLÝSING

1 AÐSTAÐA OG ÖRYGGI

1.1 AÐSTAÐA

1.1.0 Almenn

Almennum kröfum um vinnusvæði er lýst í kafla 4.2 í ÍST 30.

1.1.1 Aðstaða og rekstur vinnusvæðis

Vinnusvæðið er frá bílastæðinu við Stöng í Þjórsárdal. Verktaki skal koma sér upp aðstöðu fyrir starfsfólk og geymslu fyrir verkfæri, tæki og efni, í samráði við umsjónarmann verkkaupa. Verktaki getur nýtt sér salernisaðstöðu við Stöng með skilyrðum umsjónarmanns verkkaupa. Verktaki skal annast og bera allan kostnað af rekstri vinnustaðarins, þar með talinn kostnað vegna vinnuskúra, ferðir og upphald starfsmanna, viðhald á vinnuskúrum, þrif og annað sem til þarf, auk annars sem fallið getur undir þennan lið.

Í verklok skal verktaki fjarlægja vinnuskúra og aðra aðstöðu og afmá öll ummerki um skúra og geymslur verktaka.

Allt rask skal vera í lágmarki.

Magneining er heild. Innifalið er efni og vinna sem til þarf til að vinna verkliðinn. Greitt verður fyrir liðinn í þremur hlutum, 30% þegar búið er að setja upp vinnuaðstöðu, 40% á miðjum verktíma og 30% í verklok.

1.1.2 Öryggisráðstafanir

Sú krafa er gerð til verktaka að skipaður verði sérstakur öryggisfulltrúi og skal hann ávallt vera á staðnum meðan vinna fer fram. Í upphafi verks skal verktaki leggja fram öryggisáætlun þar sem fram kemur með hvaða hætti verktaki mun tryggja öryggi starfsmanna meðan á framkvæmdum stendur. Ekki verður heimilt að hefja vinnu við verkið fyrir en fyrir liggur samþykkt öryggisáætlun. Telji eftirlitsmaður verkkaupa öryggi verktaka ábótavant verður vinna við verkið stöðvuð þar til bætt hefur verið úr. Slík vinnustöðvun er alfarið á ábyrgð verktaka og hlýst af enginn aukakostnaður vegna þess fyrir verkkaupa.

Magneining er heild. Innifalið er efni, vinna og búnaður sem til þarf vegna öryggisráðstafana á vinnusvæðinu. Greitt verður fyrir verkliðinn í hlutfalli við framvindu verks.

1.1.3 Girðingar, aðvörunarskilti, varsla og varnir.

Ekki er vitað nákvæmlega hvernig umferð ferðamanna verður háttáð vegna covit ástands. Hvort umferð ferðamanna verði minni sökum þessa, en það gæti verið kostur vegna framkvæmda á svæðinu.

Gert er ráð fyrir að gestir hafi eins óheft aðgengi að svæðinu eins og unnt er meðan á framkvæmdum stendur þannig að

mikilvægt er að áfangaskipta verki þannig að vinnusvæði sé aðskilið frá ferðamönnum eins og hægt er.

Verktaki skal setja upp aðvörunarskilti, flaggasnúrur og girðingar til að merkja vinnusvæðið eftir þörfum.

Verktaki skal halda við skiltum og lokunum á verktíma og ganga frá vinnusvæði í lok vinnudags þannig að engum stafi hætta af og að gönguleiðir séu tryggar og opnar. Allur texti á skiltum skal vera á íslensku og ensku.

Magneining er heild. Innifalið er allt efni og vinna sem þarf til merkinga og girðingar vinnusvæðis, umferðaleiða, vörslu og varna á verktíma.

Greitt verður 50% fyrir verkliðinn þegar merkingar og girðing hefur verið sett upp og 50% í lok verks, þegar verktaki hefur fjarlæggt girðingar og annan varnarbúnað.

1.1.4 Mælingar

Verktaki fær afhentar teikningar sem sýna staðsetningu stíga, brúa og útsýnisstaða. Þetta eru staðsetningar gerðar eftir teikningum og taka þarf tillit til ónákvæmni í kortagrunnum og að laga aðstæðum. Landhæðir eru fjölbreyttar og þar sem stígur er ætlaður aðgengi allra þá er miðað við að hámarkshalli þeirra sé 50 promill. Erfitt er að sýna þetta nákvæmlega og þarf verktaki því að vinna þetta á staðnum en þetta hefur verið hæðarsett í meginþringspnum. Verktaki sér um allar uppgjörsmælingar og afhendir verkkaupa þær skipulega uppsettar til yfirferðar. Umsjónarmaður verkkaupa mun sjá um tékkmælingar ef þarf.

Magneining er heild. Í einingaverði skal vera innifalinn allur kostnaður vegna efnis, vinnu og búnaðar.

2 JARÐVINNA

1.1.0 Almennt

Hér er lýst uppbyggingu stíga. Tekið skal fram að þegar hefur verið gerðar stígar frá bílastæði að stöng, og að hluta að svæðinu frá Stöng að Gjánni sem er slóði sem að í meginatriðum er fylgt. Almenna reglan er að stíga skal leggja þannig að þeir hafa yfirhæð miðað við aðliggjandi land, eða sem nemur 20 - 30 sm eftir aðstæðum, og stundum meira þar sem aðlaga þarf hæðir vegna betra aðgengis fyrir alla.

Yfirlagsefni stíga skal vera 0-8mm, 10 sm jafnþykkt lag, leiblönduð eða þannig að nothæf sé fyrir umferð hjólastóla.

Þar undir skal vera malarlag, styrktarlag og er þykkt þess háð undirlagsefni og aðstæðum hverju sinni. Þetta lag skal þjappað áður en yfirborðsefni er lagt út.

Æskileg þykkt er 30 sm +, en þetta fer eftir aðstæðum og þarf fylling víða að vera meiri þar sem þörf er á meiri fyllingum til þess að ná réttum halla á stíg vegna umferðar hjólastóla.

Nota skal síudúk þar sem undirlagsfylling er minni en 10 sm og skal hann lagður ofan á núverandi land óhreyft eða jafnað eftir aðstæðum. Ef undirlag er mjög blautt, þar skal nota síudúk. Miða skal við 120 gramma dúk að lármarki. Haft skal samráð við eftirlit við mat á notkun síudúks.

Þar sem jafna þarf eða taka úr hliðum/börðum vegna stígagerðar þá skal það efni sem fellur til notað við uppgræðslu fláa.

Fláar við stíga skulu vera flatir þannig að þeir falli vel að umhverfi, fylgja aðliggjandi landi og vera í halla 1:3 - 1:5 þar sem því er við komið. Þar sem tilfallandi stærra grjót er til staðar á svæðinu þá skal það notað við stuðning fláa, þá er átt við grjót sem er í stígastæði eða laust efni til hliðar við stíg. Þar sem greinilegir vatnsfarvegir liggja að stíg þar skal koma fyrir röri undir stíginn og koma fyrir grófu grjótpúkki við báða enda rörs.

Þar sem minni ágangur vatns liggur að stíg og ekki er þörf á drenröri þar skal leggja stíginn úr grófu grjóti á þeim kafla eða þannig að lekt sé gegnum stíginn.

Breidd stíga er mismunandi. Stígar ætlaðir hreyfihömluðum skulu vera 2,5 metra breiðir, og færir hjólastólum. Yfilragefni þessara stíga skal vera leirblandinn jarðvegur, þjappanlegur stígur sem þarf að hafa slétt yfirborð. Hliðarhalli skal ekki vera meiri en 5 promill og lengdarhalli ekki meiri en 50 promill og í undantekningartilfellum milli 50 og 83 promill og þá á stuttum kafla.

Frágangur fláa. Gott er að afmarka stíginn, ramma hann inn sérstaklega á köflum þar sem lega hans er óskýr eða þar sem hætta er á útskolun úr stígnum. Þetta má gera með að setja torfröð úr lyngtorfi línulega meðfram stígnum.

2.1 UPPGRÖFTUR

2.1.1 Gröftur fyrir stígum og tröppum í stíg.

Við stígagerð er í meginatriðum gert ráð fyrir því að leggja stíg ofan á núverandi land. Á nokkrum stöðum þarf að taka úr landi til þess að ná jafnari hæðarlegu stígs. Verktaki skal grafa í stígstæði til þess að ná hönnunarhæð og nota uppgrafið efni við lokafrágang stígs. Aðlaga skal fláa beggja megin við skeringar eftir sem landaðstæður leyfa, annaðhvort með því að gera fláa 1:3 eða nýta grjót og annað staðarefni til þess að aðlaga að núverandi landi án þess að skerða það meira en þarf.

Almennt þá er undirlagið talið berandi og steinríkt, en teikningar sýna kröfur til þykkt.

Almennt er talið að öll uppúrtekt sé nýtt innan svæðis, ef losa þarf umframefni þá skal það lostað á viðukenndum urðunarstað. Losun og jöfnun skal unnin í samráði við eftirlitsmann.

Magneining er m³. Greitt er fyrir allan kostnað verktaka við að grafa stíg og móta uppgrafið efni við frágang á hliðum stígs.

2.1.2 Gröftur fyrir jarðfestingum við útsýnispalla.

Verktaki skal grafa fyrir undirstöðum útsýnispalla. Grafið skal niður á klöpp eða þá þannig að þjappanlegur púði sé undir hverri undirstöðu, lámörk 40 sm. Stærð holu kemur fram á teikningum.

Magneining er m³. Greitt er fyrir allan kostnað verktaka við að grafa fyrir undirstöðum og að koma efninu fyrir við aðlögun á hliðum stíga.

2.1.3 Gröftur fyrir undirstöðum brúarstólpa.

Verktaki skal grafa fyrir undirstöðum brúarstólpa. Grafið skal niður á klöpp eða þá þannig að þjappanlegur púði sé undir hverri undirstöðu 1 meter á þykkt.

Magneining er m³. Greitt er fyrir allan kostnað verktaka við að grafa fyrir undirstöðum og að koma efninu fyrir við aðlögun á hliðum stíga.

2.1.4 Gröftur og brottflutningur jarðvegs.

Reiknað er með að allur uppgröftur nýtist innan lóðar við frágang stíga. Ef upp kemur sú staða að jarðvegur er of mikill eða ónothæfur þá þarf verktaki að flytja þann jarðveg af svæðinu og á tipp. Tippurinn skal vera viðurkenndur losunarstaður jarðvegs.

Magneining er m³. Greitt er fyrir allan kostnað verktaka við að grafa og flytja uppgrafið efni á tipp.

2.2 FYLLINGAR OG BURÐARLÖG

2.2.1 Styrktarlag í stíga og fyllingar.

Um er að ræða flutning, útlögn og frágang styrktarlags. Verktaki útvegur og vinnur úr efni í styrkingarlag úr malarnámu með efnisstærð að 150 mm.

Þjöppunarkröfur:

Þjöppunarbúnaður, valti með eina tromlu	Óbrotið efni, sandur og möl	Brotið efni og púkk
---	--------------------------------	------------------------

Heildarþyngd, tonn	Statísk þyngd, kg/cm ²	Lagþykki mm	Lágmarks fjöldi yfirferða	Lagþykki mm	Lágmarks fjöldi yfirferða
6-8	15-25	≤ 400	8	≤ 200	5
				200-400	7
9-10	25-35	≤ 400	7	≤ 200	4
		400-500	8	200-400	7
				400-500	8
10-13	35-45	≤ 400	5	≤ 200	4
		400-500	6	200-400	5
				400-500	6
> 13	> 45	≤ 400	3	≤ 400	3
		400-500	4	400-500	4

Hámarksfrávik frá hönnuðu yfirborði, stök mæling +25/-25 mm, meðaltal +10/-10mm
 Hámarksfrávik frá hannaðri lagþykkt, stök mæling +30/-20, meðaltal +10/-10. Efnið skal vera í stíga á svæðinu ásamt því að vera fyllingarefni í, undir og meðfram undirstöðum við tröppur, brýr og útsýnispalla
 Efnið skal þjappað í 30 sm lögum.

Magneining er m³. Greitt er fyrir allan kostnað verktaka við að útvega, ámokstur, flutning, útlögn, jöfnun, vökvun, þurrkun, þjöppun og allan frágang efnis í fullfrágengnum rúmmetra styrktarlags.

2.2.2 Yfirlag í stíga.

Um er að ræða flutning, útlögn og frágang á yfirborðsefni stíga. Yfirlagsefni skal vera sérvalið efni lagt út í 10 sm þykkt og vera 0-8 mm. Mikilvægt er að efnið henti umferð hjólastóla. Efnið skal samþykkt af eftirliti áður en það er flutt á staðinn.

Magneining er m³. Greitt er fyrir allan kostnað verktaka við ámokstur, flutning, útlögn, jöfnun, vökvun, þurrkun, þjöppun og allan frágang efnis í fullfrágengnum rúmmetra yfirlags stíga.

2.2.3 Ræsi undir stíga

Um er að ræða gerð og frágang ræsis. Ekki hefur verið skilgreint svæði á teikningu þar sem gert er ráð fyrir ræsi. Þar sem hætta er á uppsöfnun vatns ofan við stíg sem valdið getur tjóni á stíg, þar skal komið fyrir ræsi. Setja skal plaströr með 10 sm innanmál í gegnum stíg á stöðum sem eftirlitsmaður hefur samþykkt. Lagþykkt ofan á ræsi skal helst vera meira en 20 sm. Við enda ræsis rennslismegin skal setja gróft grjót 10 - 20 sm í þvermál. Grjótið skal vera á við enda ræsis og þekja um 1 m² í 20 sm þykkt. Vanda skal frágang ræsis

Magneining er 1m. Magn er áætlað. Greitt er fyrir niðurkomið rör mælt í metrum.

Mælieining er m3. Magn er áætlað. Greitt er fyrir grjót sem lagt er við útrennsli ræsis.

2.2.4 Hólkar í jörð fylltir steypu.

Steypumót 40 sm í þvermál, 1 meters háir. Mótin skal fylla steypu og járnbinda skv. teikningu. Steypa skal vera af viðurkenndri gerð.

Magneining er m². Greitt er fyrir að koma steypmótum fyrir og fylla hólkin steypu ásamt járnbindingu. Malarfylling er greidd skv lið malarfyllingar.

3 MANNVIRKI

3.1 BRÝR

3.1.0 Almennt

Verktaki skal byggja brýr yfir árfarveg á nokkrum stöðum. Brýnar skulu vera einfaldar göngubrýr án handriða, eru allar jafnbreiðar 1 meter á breidd, en misjafnlega langar allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Brýrnar skulu vera án handriða og vera þannig léttar ásýndar enda árfarvegir þessir frekar meinlausir nema þá í vatnavöxtum. Gera skal undirstöður vel inná landi þar sem jarðvegur er stöðugur og góð festa fyrir steyptar undirstöður. Hæð á brú skal ákveðin á staðnum í samráði við eftirlitsmann, en um 40 sm eru frá meðalvatnsborði og uppundir brúarbita.

Athugið að skoða skal sérstaklega grundun brúa á staðnum og í framhaldi meta endanlega haf brúar. Lengd brúa er áætluð eftir vettvangsferð á staðinn en endanleg lengd ræðst að jarðvegsaðstæðum á hverjum stað fyrir sig og skal það gert í samráði við eftirlitsmann.

Undirstöður skulu steyptar. Undirstöður skulu vera járnbentar 1.2 meters breiðar, 25 sm á þykkt, og meters djúpar og með fæti eins og teikninga sýnir. Verktaki velur hvort hann steypir undirstöður á staðnum eða hvort hann notar forsteyptar einingar, einnig þarf að meta aðstæður þar sem grynna er á klöpp. Þar sem hætta er á að undirstöður brúar verði fyrir

rofi þá skal setja grjótvörn við brúarstólpa. Nota skal grjót 30 – 40 sm í þvermál og raða því þannig að binding milli steina verði góð, sjá nánar lið 3.3.3.

3.1.1 Brú I

Brú I er 6 metra löng. Breidd er 1 metrar. Brú er án handriðs.

Magneining er í nokkrum liðum og kemur fram í magnskrá hverjar brúar fyrir sig.
Jarðvinna er greidd skv jarðvinnukaflanum kafla 2, þeas. gröftur og fylling.
Steypt undirstaða er greidd sem stk , og er innifalin járnabinding, steypuvinna, uppsláttur og steypa hvort sem er steyp á staðnum eða forsteypt.
I -bitar úr járn er greitt í metrum.
Ristargrindur í yfirborði er greitt í m².
Innifalið í verði er tilbúin brú niðurkomin á staðinn með öllum festingum og frágangi er þær varðar.
Grjótvörn til að verja undirstöður er magntekið í lið 3.3.3.

3.1.2 Brú II

Brú I er 6 metra löng. Breidd er 1.meter, brúin er án handriðs.

Magneining er í nokkrum liðum og kemur fram í magnskrá hverjar brúar fyrir sig.
Jarðvinna er greidd skv jarðvinnukaflanum þeas gröftur og fylling.
Steypt undirstaða er greidd sem stk , og er innifalin járnabinding, steypuvinna, uppsláttur og steypa.
I -bitar úr járn er greitt í metrum.
Ristargrindur í yfirborði er greitt í m².
Innifalið í verði er tilbúin brú niðurkomin á staðinn með öllum festingum og frágangi er þær varðar.
Grjótvörn til að verja undirstöður er magntekið í lið 3.3.3.

3.1.3 Brú III

Brú III er 5 metra löng. Breidd er 1.meter, brúin er án handriðs.

Magneining er í nokkrum liðum og kemur fram í magnskrá hverjar brúar fyrir sig.
Jarðvinna er greidd skv jarðvinnukaflanum þeas gröftur og fylling.
Steypt undirstaða er greidd sem stk , og er innifalin járnabinding, steypuvinna, uppsláttur og steypa.
I -bitar úr járn er greitt í metrum.
Ristargrindur í yfirborði er greitt í m².
Innifalið í verði er tilbúin brú niðurkomin á staðinn með öllum festingum og frágangi er þær varðar.
Grjótvörn til að verja undirstöður er magntekið í lið 3.3.3.

3.1.4 Brú IV

Brú IV er 4 metra löng. Breidd er 1.meter, brúin er án handriðs.

Magneining er í nokkrum liðum og kemur fram í magnskrá hverjar brúar fyrir sig.

Jarðvinna er greidd skv jarðvinnukaflanum þeas gröftur og fylling.

Steypt undirstaða er greidd sem stk , og er innifalin járnabinding, steypuvinna, uppsláttur og steypa.

I -bitar úr járn er greitt í metrum.

Ristargrindur í yfirborði er greitt í m2.

Innifalið í verði er tilbúin brú niðurkomin á staðinn með öllum festingum og frágangi er þær varðar.

Grjótvörn til að verja undirstöður er magntekið í lið 3.3.3.

3.2 ÚTSÝNISPALLAR

3.2.0 Almennt

Verktaki skal byggja útsýnispall á þremur stöðum. 2 pallar skulu byggðir yfir landi upphækkaðir á steypum súlum en útsýnissvæði 3 lagt í landið.

3.2.1 Útsýnispallur I

Byggja skal útsýnispall eins og teikning sýnir. Athuga skal að staðsetning hans er leiðbeinandi og þarf að fínstilla staðsetningu og endanlega hæð hans á staðnum. Pallinn skal byggja þannig að hann er lyftur frá landi . Grafa skal holur fyrir steypumót og innsteypa undirstöður þvermál 40 sm, 1 meter á dýpt (grynna þar sem er klöpp en þar þarf að bora í klöpp og innlíma teina sem festa fyrir steypu).

Festingar í steypu eru innlímdir snittteinar, festir í stálplötu, boltað við stálprofil 70 x 70 x 4 mm með breytilegri lengd til þess að stilla lárétta hæð IPE bita.

IPE 140 stábitar eru undirstöður og berandi fyrir sjálfan pallinn. Ofan á IPE stálbita kemur svo stálistargólf 40 mm þykkt með hálkuvörn. Handrið í 90 sm hæð er svo sett meðfram pallinum, stólpar eru með meters millibil og er gert úrtak í stálistargólfið fyrir stólpum. Stólpar handlista eru rúnnaðir 60 mm í þvermál, handlisti er 60 sm rúnnaðu, og millipílarar eru 40 mm í þvermál. Lykkjur, múrboltar, stálplötur, stálprófilar, festijárn hverju nafni sem nefnist skal innifalið í verkinu, en því er lýst eins og hægt er á teikningum.

Allt efni skal smíðað úr stáli. Allt stál skal vera S235SR eða betra.

Magneining er í nokkrum liðum og kemur fram í magnskrá.

Jarðvinna er greidd skv jarðvinnukaflanum þ.e.a.s. gröftur og fylling.

Steypt undirstaða er greidd í stykkjum, steypumót fyllt steypu.

IPE 140 stábitar er greitt í metrum.

Stálistagólf er greitt í m2.

Handrið er greitt í 1m mælt eftir endilöngum handlista og eru handriðsstólpar þá innifaldir í verði ásamt millipílerum.

Innifalið í ofangreindum liðum eru allar skrúfur og festingar, lykkjur, múrboltar, stálplötur, stálprófilar, festijárn hverju nafni sem nefnist, eða allt til þess að festa og tengja mannvirkið. Grjótörn til að verja undirstöður er magntekið í öðrum lið.

3.2.2 Útsýnispallur II

Verktaki skal byggja útsýnispall eins og teikning sýnir. Uppbygging og frágangur skal vera eins og sýnt er í Útsýnispalli 01, Pallur þessi er aðeins minni en öll uppbygging er eins og lýst er fyrir útsýnispall 01.

Magneining er í nokkrum liðum og kemur fram í magnskrá.

Jarðvinna er greidd skv jarðvinnukaflanum þ.e.a.s. gröftur og fylling.

Steypt undirstaða er greidd í stykkjum, steypumót fyllt steypu.

IPE 140 stálbitar er greitt í metrum.

Stálistagólf er greitt í m².

Handrið er greitt í lm mælt eftir endilöngum handlista og eru handriðsstólpar þá innifaldir í verði ásamt millipílerum.

Innifalið í ofangreindum liðum eru allar skrúfur og festingar, lykkjur, múrboltar, stálplötur, stálprófilar, festijárn hverju nafni sem nefnist, eða allt til þess að festa og tengja mannvirkið saman.

Grjótörn til að verja undirstöður er magntekið í öðrum lið.

3.2.3 Útsýnispallur III

Verktaki skal byggja útsýnispall eins og leiðbeinandi teikning sýnir. Svæðið er meira og minna gróf klöpp og skal verktaki fleyga úr klöpp og jafna yfirborð og móta þannig gólf pallsins.

Móta skal umfang palls, saga skal línu um 20 sm frá handriðsbrún, og saga og fleyga yfirborð klappar þannig að hún verði sem sléttust, en samt haldið karakter. Handrið skal sett á útjaðar palls og skal bora í klöpp fyrir stólpum. Stólpar skulu vera með meters millibili. Handlisti og stólpar skulu vera með þvermál 60 mm en millipílerar 40 mm, rúnnað stál. Stólpar skulu innlímdir í klöppina þannig að þeir standi stöðugir (50 – 60 sm niður). Fylla skal með steypulími þannig að slétt verði við stóla.

Magneining er í nokkrum liðum og kemur fram í magnskrá.

Fleygun, sögun og mótum klappar er greidd í m².

Handrið er greitt í lm mælt eftir endilöngum handlista og eru handriðsstólpar þá innifaldir í verði ásamt millipílerum. Innifalið er borun fyrir handlista í klöpp og innlíming.

3.3 GRJÓT

3.3.1 Flögurjót við brúarenda/ útsýnispalla.

Sérstaklega skal vanda frágang við brúarenda sérhverra brúar fyrir sig. Verktaki skal útvega og móta steina sem leggjast að brúarenda. Steinar næst brú þurfa að vera um 30 sm djúpir og vera um 50 x 50 (breytilegt) sm að ofan. (sýnilegt andlit) Steinarnir skulu vera staðarefni eða efni úr námu á svæðinu. Steinana skal velja þannig að þeir henti aðstæðum og skal saga þá til þess að ná því markmiði. Undirlagið skal vera þjöppuð fylling, og skal leggja steinanna þetta saman og banka niður með gúmmíhamri þannig að þeir séu vel fastir. Fúga skal ekki vera meiri en 2 sm hámark. Nota skal fúguefni sem er sama efni og í yfirlagi stíga. Sjá teikningu.

Magneining er m^2 . Greitt er fyrir að útvega, vinna og koma fyrir grjóti við brúarenda og við enda palla.

3.3.2 Grjóthlaðnar tröppur

Á nokkrum stöðum er bratti það mikill að gera þarf tröppur til þess að aðgengi verði sem best. Þetta á aðeins við þar sem ekki er krafist aðgengi fyrir alla. Sjá teikningu. Tröppurnar skulu vera þannig að þær uppfylli sem best staðla um útitröppur. Miða skal við að hámark uppstigs sé 16 sm og innstig sé hvergi minna en 33 sm en má gjarnan vera meira, allt að 50 sm. Þar sem tröppur eru hlaðnar þar skal tryggja að undirlag gert úr þjappaðri mól og sé frostfritt efni. Hver steinn skal vera stöðugur og skal leggja steina hálf í hálf í tröppum eða þannig að ekki myndist gegnumgangandi fúga á neinum stað. Til að binda saman tröppur og þá má nota steypulím og steypu en aðeins þannig að ekki sjáist að steypa hafi verið notuð. Verktaki þarf að reikna með að móta steina, saga og höggva til þannig að steinarnir verði mótaði í hentungt form fyrir tröppur. Verktaki útvegar steinanna úr aðliggjandi námum eða sem næst því að vera staðarefni.

Magneining er metrar í tröppum (hvert þrep í metrum) og er þá mælt eftir lengd hvers þreps fyrir sig. Í útreikningi er miðað við 40 sm innstig.

Innstig í tröppum, steinlagt er mælt í m^2 . Þrepin eru greidd miðað við 40 sm innstig og er greitt eftir þessum lið viðbótar grjótlögn umfram 40 sm.

3.3.3 Grjótvörn við brúarstólpa

Verktaki útvegar steinanna úr aðliggjandi námum eða sem næst því að vera staðarefni og hlaðar/ raðar saman við brúarstólpa sem vörn gegn rofi Steinarnir skulu vera breytilegir að stærð 40 x 40 sm – 40 x 60 sm til viðmiðunar og skal raða þeim framan við brúarstólpa og til hliðar þannig að þeir skorðis/ bindist vel saman.

Magneining er m^3 . Greitt er fyrir efni og vinnu við að útvega grjót og koma því fyrir.

3.3.4 Grjót fyrir bekki.

Verktaki útvegar steinanna úr aðliggjandi námum eða sem næst því að vera staðarefni og nota sem undirstöður fyrir bekki eins og teikningar sýna.

Nota skal tvo steina fyrir hvern bekk, bora þarf í steina og innlíma festijárn sem skal ásoðið flatjárni. Flatjárnið 50 mm þykkt með teinum sem innlíma þarf í boraðan steininn. Þetta flatjárn sem skal vera í jafnri hæð við báða undirstöðusteina og er seta fyrir bekk sem skal skrófað á þessar undirstöður. Setur bekkjar skal vera 45 x 95 mm lerki, þússað þannig að sé flísalaust. Breidd á bekk skal vera 50 sm eða þannig að fúga milli borða sé 1 sm.

Einnig skal verktaki koma fyrir tveimur steinum um 70 sm á hæð með flatt yfirborð sem nýta má sem frálegg (borð)

Magneining er pr. stk steinar fyrir bekk. Greitt er fyrir efni og vinnu við að útvega grjótbora í grjót og innlíma festijárn.

Bekkur er mældur í metrum . Er þá greitt fyrir 55 sm breiðan bekk ákomin festur á undirstöður mælt eftir endilöngum bekknum.

Magneining er pr. stk steinar sem borð. Greitt er fyrir efni og vinnu við að útvega grjót og koma því fyrir.

4 RÆKTUN

4.1 ALMENNT

Lyngtorf skal notað á þeim stöðum sem þarf til þess að binda jarðveg, hefta rof eða loka sárum í landi vegna framkvæmda verktaka við brýr, stíga, palla. Athugið að ekki er ætlunin að leggja torf með öllum stígum heldur víða verður reynt að treysta á að staðagróður taki við sér.

4.1.1 Lyngtorf

Þar sem þörf er á lokun jarðvegs með afgerandi hætti þar skal nota lyngtorf. Lyngtorf skal leggja á afréttað undirlag, á fokmold, sand eða sambærilegan magran jarðveg. Engan áburð skal nota. Lyngþökur er sambland af lyngmóagróðri, smávöxnum grastegundum og stöku blómgróðri eins og Blóðbergi, Ljónslappa, Krækilyng, beitleyngs og fleirri tegundum.

Eftir að torfið er komið á staðinn þá skal það lagt innan 3ja sólarhringa. Torfið skal leggja þétt saman ef það er rakt en með smá bili ef það er þurrt. Eftir lagningu torfs skal það vökvað reglulega þar til það hefur náð rótfestu.

Torfið skal notað að hluta til þess að afmarka stíga en einnig á sár sem hafa myndast við framkvæmdina, frágang við útsýnispalla eða annarsstaðar þar sem þörf er talin nauðsynleg og skal magn og umfang vera í samráði við eftirlitsmann. Gæta skal þess að fjarlægja allar umbúðir, td, net sem oft fylgir grasrúllum. Magn er áætlað og skal umfang og magn vera í samráði við eftirlitsmann.

Magneining er fermetrar. M2. Magn er áætlað í magnskrá. Innifalin er öll vinna við útvegun og niðurlögn á lyngtorfi.

4 TÍMAGJALD

Einingaverð verktaka fyrir tímagjald skal innifela allan kostnað verktaka við verkþáttinn. Gefa skal upp tímagjald fyrir eftirtalda menn og tæki. Ekki kemur til greiðslu samkvæmt þessum lið umfram það sem unnið er samkvæmt beiðni eftirlits.

4.01 Verkamaður Klst.

4.02 Tækjamaður Klst.

4.03 Mælingamaður Klst.

4.04 Vörubíll Klst.

4.08 Tækjavinna (20-23 tonna beltagrafa eða samb.) Klst.

4.14 Veghefill (Cat 12F eða sambærilegur) Klst.

4.18 Tækjavinna (Jarðýta D7E 180 hö eða samb.) Klst.

Magneiningr klst. Tímagjald skal vera óháð eyktum og árstíðum og í því eru innifaldar allar afkastahvetjandi greiðslur og sambærileg aukalaun svo sem vaktaálag og fleira. Tímagjald er jafnaðargjald óháð því á hvaða tíma sólarhringsins er unnið.

Í tímagjaldinu er innifalinn allur kostnaður við viðkomandi menn og tæki í vinnu á vinnusvæðinu, svo sem laun og launatengd gjöld, verkstjórn, yfirverkstjórn, ágóði og áhættuþóknun verktaka, flutningur á mönnum til og frá vinnusvæði og innan þess, kostnaður við fæði og húsnæði og annan aðbúnað svo og öll lög og samningsbundin gjöld, þótt hér séu ótalin. Notkun mælitækja og hugbúnaðar eru innifalin í tímagjaldi.

Virðisaukaskattur skal vera innifalinn í tímagjaldi. Þurfi að flytja tæki sérstaklega að vegna tímavinnu verður sá flutningur greiddur aukalega. Tímagjald tækjastjóra er ekki innifalið í tímagjaldi tækis

TILBOÐSBLAÐ

Til:

Umhverfisstofnun,

Undirritaður:

(Nafn og kennitala)

(Heimilisfang)

gerir hér með tilboð í verkið: „Gjáinn Þjórsárdal-stígar og pallar“ í samræmi við fyrirbyggjandi útboðsgögn, dagsett í júní 2020, sem undirritaður hefur kynnt sér.
Heildarfjárhæð tilboðs að meðtöldum virðisaukaskatti er:

Tilboðsfjárhæð: kr. _____

(Tilboðsfjárhæð í bókstöfum)

(Staður, dagsetning)

(Undirskrift)